



Greiðslufrestur aðflutningsgjalda við tollafgreiðslu

Skuldfærður tollur eða gjald á vöru, sem tollafgreidd er innan ákveðins uppgjörstímabils, kemur til innheimtu hjá Skattinum á sama eindaganum. Innheimt með gíróseðli nema áfengisgjald skráðra aðila.

1 - Almenn tollkrít – 2 mánaða uppgjörstímabil

TBR gjaldflokkur: **TA B** Gjaldfærð gjöld í Tollakerfi: **K** Skuldfærslukódi í CUSTAR: **S2**

2 mánaða uppgjörstímabil.

Eindagi er 15. næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils

Ofangreint gildir um öll aðflutningsgjöld nema þau sérstöku tilvik sem greint er frá hér að neðan.

2 - Skráðir úrvinnslugjaldsaðilar hjá Ríkisskattstjóra í TBR-Á kerfi

TBR gjaldflokkur: **UI A** Gjaldfærð gjöld í Tollakerfi, kódi: **U** Skuldfærslukódi í CUSTAR: **S7**

Þá gildir eftirfarandi um úrvinnslugjöld (B* gjöld):

2 mánaða uppgjörstímabil.

Eindagi er 28. annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

3 - Skráðir áfengisaðilar hjá sýslumönnum í TBR-Á kerfi

TBR gjaldflokkur: **AI A** Gjaldfærð gjöld í Tollakerfi, kódi: **Q** Skuldfærslukódi í CUSTAR: **SC**

Þá gildir eftirfarandi um áfengisgjöld (VX, VY og VZ gjöld) (Gildir einnig þegar skuldfært er á miðlara):

1 mánaðar uppgjörstímabil.

Eindagi er 2. virkur dagur eftir lok uppgjörstímabils.

4 - Vörugjald af ökutækjum – 12 mánaða uppgjörstímabil

TBR gjaldflokkur: **VF A** Gjaldfærð gjöld í Tollakerfi, kódi: **S** Skuldfærslukódi í CUSTAR: **S6**

Eftirfarandi gildir um N* og M* vörugjöld af ökutækjum með fastanúmeri:

Eindagi er við nýskráningu ökutækis (eða 1. næsta mánaðar eftir að ár er liðið frá tollafgreiðsludegi)